

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 28. mars 1980

um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 76/895/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum

(80/428/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum ⁽¹⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í áður nefndri 4. gr. er kveðið á um að aðildarríki sé heimilt, telji það að hámarksmagn sem ákveðið er í II. viðauka gæti stofnað heilsu manna eða dýra annarra en skaðlegra lífvera í hættu, að lækka tímabundið þessi mörk á yfirráðasvæði sínu.

Konungsríkið Holland hefur skírskotað til ákvæða áður nefndrar greinar vegna ákveðins hámarksmagns fyrir dímetóat, ómetóat og fenklórfos.

Frekari athugana er þörf vegna dímetóats og ómetóats áður en framkvæmdastjórnin getur komist að niðurstöðu um ráðstafanir sem gera skal.

Þó virðist skynsamlegt ef um ræðir fenklórfos, með hliðsjón af takmörkunum á notkunarsviði þess og vegna óæskilegra mengunarefna sem geta verið í efnablöndum sem innihalda fenklórfos og þar með í leifum þess, að minnka tafarlaust hámarksmagn sem mælt er fyrir um í II. viðauka í lægsta magn sem samræmist því sem nú þykja góðir landbúnaðarhættir.

Einnig er æskilegt að færa skilgreiningu á leyfilegum leifum efnisins til samræmis við alþjóðavenju með því að telja með helsta umbrotsefni þess.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntuheilbrigði.

SAMPYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á lið nr. 15/56 um "fenklórfos" í II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE:

EBE nr.	Varnarefni		Hámarksmagn (í mg/kg (ppm))
	Almennt heiti	Efnaformúla	
15/16	Fenklórfos	0,0-dímetýl 0-(2,4,5-tríklórófenýl)fosfóróþíóat	} reiknað sem fenklórfos 0,01
—	þar með talið	0,0-dímetýl 0-(2,4,5-tríklórófenýl) fosfat	

2. gr.

Aðildarríki skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að ákvæðum 1. gr. eigi síðar en 31. mars 1981 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. mars 1980.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Finn GUNDELACH

varaforseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 340, 9. 12. 1976, bls. 26.